



Umferðaröryggisáætlun Voga

4. janúar 2018

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
STÖÐUMAT OG GREININGARVINNA.....	3
MARKMIÐ OG ÁHERSLUATRÍÐI.....	5
VANDAMÁL OG LAUSNIR	5
FRAMKVÆMD OG EFTIRFYLGNI.....	6
MYNDIR ÚR SKOÐUNARFERÐ	6
HEIMILDIR.....	16

Skýrslu þessa vann Haraldur Sigþórsson hjá VHS ehf.


Inngangur

Íbúafjöldi Voga 1. 1. 2017 var 1206 íbúar og því lítið sveitarfélag, en ætlast er til, að sveitarfélög með meira en 1000 íbúa skili umferðaröryggisáætlun. Leiðbeiningar um umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga frá janúar 2010 gerðar af Mannviti í samvinnu við Samgöngustofu og Vegagerðina voru m.a. hafðar til hliðsjónar. Einnig greinargerð Jóns Gröndal öryggisfulltrúa frá 2004. Ýmislegt hefur þó þegar verið lagfært, sem bent var á í henni.


Stöðumat og greiningarvinna

Staða umferðaröryggis í Vogum var metin út frá viðtölum, skoðunarferð og gögnum frá Samgöngustofu (kortum og excelskrá) yfir öll lögregluskráð slys í sveitarfélaginu, eignatjón meðtalin.

Samkvæmt gögnum Samgöngustofu fyrir 1.1. 2007 til 1.8. 2016 gerðust 26 lögregluskráð umferðarslys í Vogum. Vatnsleysustrandarvegur og Vogavegur frá Reykjanesbraut að gatnamótum við Stapaveg (innkomu í bæinn) eru ekki með í tölfræðinni, enda aðstæður allt aðrar. Af þessum 26 voru 5 með minniháttar meiðslum, en einungis 19 eignatjón. Tvær ákeyrslur með minniháttar meiðslum voru á gangandi vegfarendur og sömuleiðis tvær, einnig með minniháttar meiðslum, á hjólréiðamenn. Athyglisvert er, að í þremur tilfellum af þessum fjórum er um börn að ræða, en í einu er um að ræða ungling. Allt voru þetta drengir, sem slösuðust.



Kort yfir umferðarslys í Vogum 1.1. 2007 til 31.12. 2016. Bláir punktar eru eignatjón, en ljósgrænir þýða minniháttar meiðsli.



Fjöldi slysa í Vogum eftir árum.

Slysum í bænum virðist heldur fara fækkandi, en hafa ber í huga, að tölur er of lágar, til að hægt sé að fullyrða um það. Flest slysin gerast að vetrarlagi, en einnig mörg um sumarið. Ákeyrslur eru flestar á fastan hlut, t.d. ljósastaura, veggj eða girðingar, en færri í gatnamótum. Slysin gerast flest seinni part dags eða á kvöldin.

Tafla: Hvenær og hvernig gerðust slysin?

vor	4	morgun	7	útaf, beygt	8
sumar	8	miðdegi	2	kyrrstætt	2
haust	5	síðdegi	9	ekið á hlut	12
vetur	9	kvöld/nótt	8	óvarðir	4
Alls	26	alls	26	alls	26

Í slysaskrá Samgöngustofu kemur fram mat lögreglunnar á orsökum hvers slyss. Í Vogum tengdust þær margar aðgæsluleysi ökumanns, eins og Ökumaður veldur slysi (3), Biðskylda ekki virt (4), Ógætilega ekið afturábak (2), Ekið á röngum vegarhelmingi (1), Ökumaður hverfur af vettvangi, en það síðasttalda kemur fyrir 7 sinnum. Þá komu fram atriði tengd aðstæðum, eins og Slæm færð, Slæmt skyggni, Vegavinna. Aðeins eitt óhapp var tengt ölvun/fíkniefnum, í einu öðru var ökumaður réttindalaus og aðeins í einu tilfalli var getið um of hraðan akstur.

Örsökum umferðarslysa hefur almennt verið skipt í þrennt, atriði tengd manningum, ökutækinu eða umhverfinu og veginum. Aðalorsök liggur oftast hjá manningum sjálfum, en umhverfi og vegur eru oftast en ekki meðvirkandi orsök, eða í rúmlega fjórðungi tilfella.

Markmið og áhersluatriði

Ljóst er, í svona afmörkuðum og litlum bæ, að megináherslan hlýtur að vera á öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Í því felst að halda hraða ökutækja niðri m.a. með hraðahindrunum, skilgreina gönguleiðir skólabarna og gera gönguveranir yfir götur, þ.e. gangbrautir. Hámarkshraði í bænum er 30 km/klst., sem er einmitt heppilegt út frá umferðaröryggilegu sjónarmiði. Vogavegur fer hins vegar frá 50 í 70, enda liggur hann úr bænum og engin byggð er við hann.

Oft er talað um e-in fjögur á ensku varðandi umferðaröryggisaðgerðir: enforcement, engineering, education og enlightenment, sem mætti útleggja sem eftirlit og sektun í fyrsta lagi, verkfræðilegar aðgerðir í öðru lagi, ökunám í þriðja lagi og upplýsingagjöf og áróður í fjórða lagi. Af þessum atriðum er einkum verkfræðilegu aðgerðirnar á hendi sveitarfélagsins, en góð samvinna við lögregluna er mjög mikilvæg varðandi önnur atriði.

Lögreglan lét þess getið að umferðarhraði sé ekki mikill á svæðinu í kringum skólasvæðið, en frekar bæri við, að fólk sé ekki með öryggisbelti, að tala í símann eða að börn séu ekki í beltum í bílnum. Huga þarf því áfram að almennum atriðum, eins og bílbelta- og hjálmanotkun og lýsingu.

Vandamál og lausnir

Eftirtektarvert var, hversu dreifð umferðarslysín voru um bæinn. Ekki var sjáanlegur neinn áberandi hættulegur staður, þar sem mörg slys urðu. Ljóst er því, að leita ber almennra lausna.

Sums staðar voru notaðar mjóar plasthraðahindranir til að ná niður hraða. Þær eru vel hugsanlegar til bráðbirgða (sér í lagi í ljósi hámarkshraða 30 km/klst.), en eiga samt helst við inni á bílastæðasvæðum. Gott væri, að upphækkaðar gangbrautir taki við þeim eftir nokkurn tíma.

Gangbrautir ættu að vera upphækkaðar og þannig lækka hraða ökutækja um leið. Þá ætti alltaf að gera sebramerkingar í tilfelli gönguleiða, til að um sé að ræða gangbrautir skv. lögum. Leggja ber áherslu á þá staði, þar sem göngustígar eru beggja vegna.

Nokkrir staðir:

- Bæta aðstæður við Stóra-Vogaskóla, afmarka gönguleiðir og bæta lýsingu(sjá myndir). Þetta áréttuðu bæði lögreglan og skólastjórinn.
- Bæta við gangbraut á Vogagerði austan megin við Tjarnargötu til viðbótar við þá sem fyrir er vestan megin, til að efla tengsl íþróttahúss við skólann, sjá mynd.
- Oft eru skilti of langt frá þeim stað, sem þau eiga við, t.d. er biðskyldan, þegar komið er frá skólanum að Vogagerði of innanlega í götunni. Biðskyldumerkið

er nokkrum metrum neðar, nær skólanum. Þá eru gangbrautarmerki á nokkrum stöðum ekki til móts við gangbrautirnar sjálfar, t.d. yfir Vogagerði við Tjarnargötu. Hægt er að fá leiðbeiningar um staðsetningu skilta á vef Vegagerðarinnar. Gangbrautin mætti auk þess vera nær gatnamótunum.

- Setja upphækkaða gangbraut á Hafnargötu á móts við tjörn milli tveggja göngustíga (sjá myndir).
- Vantar gangbrautarmerki á Hafnargötu rétt fyrir neðan íþróttahús. Eingöngu eitt merki er við þessa gangbraut.
- Byggja hringtorg á aðalgatnamót bæjarins, þar sem saman koma Stapavegur, Hafnargata, Vogavegur og Vatnsleysustrandarvegur (sjá myndir). Þar varð eina slysið með minniháttar meiðslum í bænum, sem ekki tengdist óvörðum vegfarendum og auk þess tvö óhöpp með eignatjóni eingöngu.
- Vantar biðskyldu á Heiðargerði við Hafnargötu. Nú er hægri réttur á þá, sem koma akandi suður Hafnargötu. Annars eru biðskyldur á öðrum götum, sem liggja að Hafnargötu líkt og er á Heiðargerði. Gæta þarf samræmis.
- Mætti vera gangbraut á Tjarnargötu við Vogagerði. Þá væri til bóta að hækka öll gatnamótin upp og auka lýsingu um leið.

Framkvæmd og eftirfylgni

Áætlunina skal endurskoða eftir 5 ár.

Myndir úr skoðunarferð

Hér á eftir fara myndir af mörgum þeim stöðum, sem lagfæra þyrfti.



Göngustígur neðst í Hafnargötu, horft til suðurs. Hér er þörf á gangbraut og upphækkaðri hraðahindrun.



Göngustígur neðst í Hafnargötu, nærmynd til austurs.



Göngustígur neðst í Hafnargötu, nærmynd vestari endi.



Bráðbirgðaprenging á Egilsgötu. Hraði 30 km/klst bæði á götu og skiltum.



Óskýrar gönguleiðir við Stóru-Vogaskóla.



Ástand gatna nærri Stóru-Vogaskóla.



Göngustígur, sem kemur að Vogaskóla úr suðri.



Hellulagðar gönguleiðir við Stóru-Vogaskóla, en stórir malbikspletir fyrir bíla.



Tjarnargata-Vogagerði, aðeins gangbraut öðrum megin, vantar hinum megin.



Tjarnargata-Vogagerði, aðeins gangbraut öðrum megin, vantar hinum megin.



Tjarnargata-Vogagerði, aðeins gangbraut öðrum megin, eldri gangstéttir.



Suðurgata Stapavegur. Horft frá Suðurgötu. Biðskyldumerki sést illa. Klippa gróður.



Suðurgata Stapavegur. Horft frá Stapavegi.



Stapavegur-Leirdalur-Brekkugata ? eldri stígar og gangbraut.



Stapavegur-Hafnargata-Vogavegur-Vatnsleysustrandarvegur. Horft til norðurs.
Góðar aðstæður fyrir hringtorg.



Stapavegur-Hafnargata-Vogavegur-Vatnsleysustrandarvegur. Horft til
norðausturs.



Horft niður Tjarnargötu frá Vogagerði.

Heimildir

Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri Voga.

Einar Pálsson, forstöðumaður þjónustudeildar Vegagerðarinnar.

Gunnar Geir Gunnarsson, deildarstjóri hjá Samgöngustofu.

Haraldur Sigþórsson og Jónas Guðmundsson. Desember 2006. Samræming hámarkshraða innan þéttbýlis. Sveitarstjórnarmál 8. tbl. Bls. 25-26.
<https://www.samgongustofa.is/media/umferd/skyrslur/Samraeming-hamarkshrada-innan-thettbylis.pdf>

Jón Gröndal, öryggisfulltrúi. September 2004. Skýrsla um ástand umferðaröryggismála og tillögur til úrbóta í Vogum á Vatnsleysuströnd. Unnið skv. beiðni Jóhönnu Reynisdóttur sveitarstjóra.

Kristján Freyr Geirsson, varðstjóri hjá Lögreglunni á Suðurnesjum. Punktur í tölvupósti frá 22.12. 2017 og samtal í síma.

Mannvit, Umferðarstofa og Vegagerðin. Janúar 2010. Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga. Leiðbeiningar.
[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Umferdaroryggisaaetl_sveitarfel/\\$file/Umforyggisaaetl_sveitarfel.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Umferdaroryggisaaetl_sveitarfel/$file/Umforyggisaaetl_sveitarfel.pdf)

Samgöngustofa. Excelskrá yfir umferðarslys í Vogum 1.1. 2007-1.8.2016.

Samgöngustofa. Kort yfir umferðarslys árin 2007 til 2014.
<https://www.samgongustofa.is/umferd/tolfraedi/slysatolur/slysakort/>

Svava Bogadóttir, skólastjóri Stóru-Vogaskóla.

Vegagerðin. Fyrirkomulag umferðarmerkja.
<http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/umferdarmerki/>

Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður Umhverfis og Eigna Voga.